

**AKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2019****2020/EES/48/05****frá 8. febrúar 2019****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/685 frá 3. maí 2018 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir abamektín, bjór, flúópýram, flúxapýroxað, malínhýdrasíð, sinnepsfræsduft og teflútrín í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/686 frá 4. maí 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórþýrifos, klórþýrifosmetýl og tríklórþýr í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/687 frá 4. maí 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asíbensólar-S-metýl, bensóvíníflúpýr, bífentrín, bixafen, klórántranilípról, deltametrín, flóníkamíð, flúasífóp-P, ísófetamíð, metrafenón, pendímetalín og teflúbensúrón í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32018 R 0685:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/685 frá 3. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 1),
- **32018 R 0686:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/686 frá 4. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 30),
- **32018 R 0687:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/687 frá 4. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 63).“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 30.⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 63.

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32018 R 0685**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/685 frá 3. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 1),
- **32018 R 0686**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/686 frá 4. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 30),
- **32018 R 0687**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/687 frá 4. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 63).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/685, (ESB) 2018/686 og (ESB) 2018/687, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.